FRÉTTATILKYNNING

Innköllun á Voga ídýfu krydd

Mjólkursamlag KS sem framleiðir Voga ídýfu hefur ákveðið að innkalla nokkrar framleiðslulotur af ídýfu með kryddi. Innköllunin nær yfir allar best fyrir dagsetningar frá 28.07.2026 til og með 30.10.2026. Þessar vörur hafa lotunúmer frá 26-0744 til og með 26-1630.

Ástæða innköllunarinnar er vanmerktur ofnæmisvaldur. Varan inniheldu hveiti sem ekki er tilgreint í innihaldlýsingu.

**Upplýsingar um vöruna:**

Vöruheiti: Voga ídýfa krydd (175 ml)
Strikamerki: 5690575101018

Vöruheiti: Voga ídýfa krydd (400 ml)
Strikamerki: 5690575249529

Kælivara

Viðskiptavinum með ofnæmi-eða óþol fyrir hveiti er bent á að farga vörunni eða skila í þá verslun sem hún var keypt í gegn endurgreiðslu.

Mjólkursamlag KS biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem þeir hafa orðið fyrir. Nánari upplýsingar veita starfsmenn gæðadeildar Mjólkursamlags KS í síma 825-4475. Einnig er hægt að koma ábendingum á framfæri á netfangið mks-gaedastjori@ks.is


VOGA
idýfa
KRYDD


VOGA
idýfa
KRYDD
400 ml